

# Kvikmyndapættir úr Borgarfirði

Á næstu vikum verða sýndir í Safnahúsi Borgarfjarðar um 60 ára gamlir kvikmyndapættir, margir bútar sem á sínum tíma voru teknir af Guðna Þórðarsyni (Guðna í Sunnu) að frumkvæði Borgfirðingafélagsins.

Efnið er sýnt með góðfúslegu leyfi höfundar og fyrir tilstilli Óskars Þórs Óskarssonar verktaka og kvikmyndagerðarmanns í Borgarnesi.

Eins og kunnugt er hefur Óskar sjálfur sinnt heimildamyndatöku í Borgarfjarðarhéraði um langt skeið og þannig lagt fram ómetanlegan skerf til varðveislu sögunnar.

Meðal efnis eru myndir frá róðri á bát frá Akranesi, þættir frá Þverár- og Oddstaðarétt frá því um 1950 og af heyskap með gömlum vélum á engjum Hvanneyri. Einnig myndir frá Snorrahátið og Reykholtsskóla, frá Stórakroppi, Bæ og Hæli auk mynda frá mótum á Faxaborg og af gamla bænum á Borg á Mýrum.

Kann Safnahús Óskari þór bestu þakkir fyrir gott samstarf um þetta skemmtilega verkefni.



---

Opið alla virka daga frá 13-18

Alltaf ýmsar sýningar í gangi og gott að kíkja á bókasafnið

Verið velkomin

---

**Safnahús Borgarfjarðar**

Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi - [www.safnahus.is](http://www.safnahus.is) - 430 7200